

Ytra mat leikskóla Álfaborg

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Ragnhildur Birna Hauksdóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-37-4

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
Inngangur	6
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn Álfaborg	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn	8
Starfsmannavelta	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	8
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008.	9
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans	9
Skólustefna og áherslur sveitarfélagsins	9
Skólanámskrá	11
Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá.	11
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár	12
Stjórnun og starfsmannamál	13
Stjórnskipulag og skipurit.	13
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál.	14
Uppeldi, menntun og umönnun	15
Leikföng og efniviður	15
Líðan barna	16
Lýðræði og mannréttindi	16
Samskipti og hegðun	16
Skólaþróun	17
Skólabragur og samskipti	18
Starfsandi	18
Jafnrétti	18
Mat á námi og velferð barna	19
Innra mat	19
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Foreldraráð og foreldrafélag	21
Samstarf leikskóla og grunnskóla.	21
Annað samstarf	22
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	22
Samantekt	23
Lokaorð	26
Heimildir.	27

Samantekt á niðurstöðum

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Álfaborgar í núverandi mynd hófst haustið 1990. Leikskólinn hefur gert skólanámskrá sem samræmist aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og vinnur samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins og nýjum áherslum skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Húsnæði leikskólans er gamalt skólahús með viðbyggingu og uppfyllir kröfur varðandi rými sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Tröppur og stigar eru í gamla skólahúsnæðinu en engin lyfta og því stenst húsnæðið ekki kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2013 um aðgengi. Leikskólinn stenst lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008. Frá upphafi hefur verið unnið samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði sem byggir á starfsaðferðum Reggio Emilia og 2008 var gerð áætlun til sjö ára um þróun leikskólastarfsins og er hún endurskoðuð árlega. Starfsmenn hafa sameinast um gildi fyrir leikskólann; *virðing*, *fagmennska* og *velliðan*. Litið er á leikinn sem náms- og þroskaleið barna og lögð áhersla á einstaklingabundið nám og mikilvægi þess að taka tillit til styrkleika hvers og eins. Húsnæði leikskólans er vel nýtt og býður upp á rúmgott leiksvæði fyrir börnin. Aðstaða fyrir starfsfólk er fremur lítil, sama rými er nýtt fyrir undirbúning starfsmanna, fundi og hvíldaraðstöðu en tekið skal fram að leikskólinn er lítill og þar af leiðandi ekki margir starfsmenn. Meta þarf hljóðvist á eldri deild og ljúka við endurbætur á útileiksvæði barnanna.

Skólanámskrá

Skólanámskrá Álfaborgar er frá árinu 2012 og uppfyllir hún þær kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skólastefnu Bláskógabyggðar frá árinu 2012. Stefna leikskólans kemur skýrt fram í skólanámskránni, hún er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og samræmi er á milli leikskólastarfs og námskrár. Fjallað er um lykilþættina, leik og nám, lýðræði og jafnrétti, læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menningu. Allir starfsmenn leikskólans komu að gerð nýrrar námskrár. Mat barnanna frá síðasta skólaári var lagt til grundvallar í námskrárvinnunni og foreldrakönnun sem gerð var árið áður.

Stjórnun og starfsmannamál

Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti. Samvinna stjórnenda er góð og verkaskipting nokkuð skýr en hana þarf að gera skriflega. Góð samvinna er milli leikskólastjóra og fræðslunefndar. Góð sátt ríkir um stjórnun leikskólans meðal starfsfólks og foreldra og gott aðgengi er að stjórnendum. Ákvarðanatataka varðandi fagstarf og nýtingu fjármagns er í höndum leikskólastjóra með aðkomu deildarstjóra og starfsmanna. Starfsmenn fara árlega í starfsmannasamtal hjá leikskólastjóra og deildarstjórum. Móttökuáætlun er til fyrir nýja starfsmenn og í henni kemur fram starfsmannastefna leikskólans. Leikskólinn skilar árlega starfsáætlun og starfsskýrslu (ársskýrslu). Gera ætti starfs-áætlun í jafnréttismálum.

Uppeldi, menntun og umönnun

Leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem hvatt er til skapandi hugsunar til að auka sjálfstæði barna og trú þeirra á eigin getu. Leikskólastarfið grundvallast á því að leikurinn er nýttur á skapandi hátt í samþættu uppeldi og námi barna. Starfsaðferðir einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum og eru leikrými til að mynda skipulögð í samráði við börn og fá elstu börnin tækifæri til að meta og hafa áhrif á skóladagatalið. Leikskólinn hefur nýverið valið sér agastefnu sem nefnist *jákvæður agi* (e. positive discipline). Verkferlar fyrir faglega þróun leikskólastarfsins eru skýrir og markvissir. Áætlanir um innleiðingu á hugmyndafræði Reggio Emilia, innleiðingu á jákvæðum aga og áherslur í starfi ná til ársins 2015.

Skólabragur og samskipti

Skólabragur er almennt góður í leikskólanum og lýðræðisleg vinnubrögð höfð að leiðarljósi í öllum þáttum starfsins. Lögð er rækt við vellíðan allra og að gleði ríki í skólastarfinu. Áhersla er á að nýta hæfileika og þekkingu hvers og eins og byggja upp sjálfstraust starfsmanna og barna. Stjórnendur taka strax á ágreiningsmálum, ef upp koma.

Mat á námi og velferð barna

Notast er við TRAS sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, HLJÓM 2 sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum og málþroskaprófið TOLD. Talmeinafræðingur er ráðgefandi fyrir einstaklingsþjálfun. Foreldrakönnun er gerð árlega en þar er m.a. leitað eftir mati foreldra á líðan barna og umhyggju starfsfólks gagnvart börnum. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári þar sem farið er yfir framfarir hvers barns. Uppeldisfræðilegar skráningar eru töluvert notaðar í leikskólanum og aðrar óformlegri skráningar á vettvangi.

Innra mat

Í leikskólanum er gerð sex ára áætlun um innra mat á starfi leikskólans (2012-2018) sem nær til allra sviða leikskólastarfsins. Áætlunin er endurskoðuð árlega og bætt í eða breytt ef með þarf. Í starfsáætlun ár hvert kemur fram hvaða þætti á að meta það árið og hvernig. Skipað er matsteymi á hverju ári sem sér um að útfæra vinnuna við matið. Starfsmannasamtöl, foreldrasamtöl, spurningalistar til starfsfólks og foreldra og einnig mat barnanna sjálfra á skólastarfinu eru notuð til að afla upplýsinga fyrir innra matið. Niðurstöður og umbóta-áætlun fylgir starfsskýrslu sem skilað er til fræðslunefndar að vori.

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og foreldrafélag. Foreldrar eru ánægðir með samstarfið við leikskólastjóra og starfsfólk leikskólans. Foreldrar eru ánægðir með þau verkefni sem börnunum er boðið upp á í leikskólanum og einnig með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem þeim eru gefnar þar. Í leikskólanum er til móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum. Umræða hefur verið um opnunartíma leikskólans og vistunarreglur og væri æskilegt að skoða þau mál betur með foreldrum. Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er í föstum skorðum og leikskólinn í góðum tengslum við sitt nærumhverfi.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Aðgangur leikskólans að sérfræðiþjónustu er í samræmi við reglugerðir um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélagið er þátttakandi í rekstri skóla- og félagsþjónustu Árnesþings og góð samvinna er milli leikskólans og sérfræðinga skólaþjónustunnar. Börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku er veittur stuðningur þegar þau byrja í leikskólanum og vel er brugðist við þegar leikskólinn óskar eftir auknum stuðningi vegna einstaka barna. Leikskólinn hefur ekki sett sér stefnu í sérkennslumálum og væri æskilegt að bæta úr því og einnig gera verkferla varðandi sérkennslu í leikskólanum.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Álfaborg í Bláskógabyggð. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Ragnhildi Birnu Hauksdóttur og fór fram á vettvangi dagana 8.-9. maí 2014. Áður hafði farið

fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir átta matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og rekstur, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðipjónusta sveitarfélaga.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

- a. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- b. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga voru einnig höfð til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangs-athuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 22. apríl 2014 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn mættu í leikskólann 8. maí 2014 og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á báðum deildum leikskólans. Haldnir voru fundir með deildarstjórum, starfsmönnum á deild, börnum í elsta árgangi leikskólans og foreldrum. Vegna smæðar leikskólans voru tekin rýnihópaviðtöl við báða deildarstjóra, alla starfsmenn leikskólans og öll börn í elsta árgangi. Þátttakendur í rýnihópi foreldra voru valdir með slembiúrtaki og auk þess tekið viðtal við formann foreldraráðs. Tekin voru einstaklingsviðtöl við leikskólastjóra og talmeinafræðing. Einnig var haft samband við formann fræðslunefndar.

Skólaheimsóknin stóð yfir í tvo daga, 8. og 9. maí 2014. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja stund. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru.

Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá, starfsáætlun, greinargerð um innra mat, umbótaáætlun, matsáætlun, dagskipulag, heimasíða Álfaborgar, heimasíða Bláskógabyggðar, símenntunaráætlun, önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Leikskólinn Álfaborg

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Álfaborgar hófst í október 1986 í Sumarbúðum í Skálholti og var leikskólinn í fyrstu rekinn af foreldrum. Haustið 1990 tók Biskupstungnahreppur við rekstrinum og frá 1991 hefur þar verið boðið upp á átta tíma vistun. Leikskólinn er staðsettur í gamla skólanum í Reykholti sem byggður var 1928. Stærð húsnæðisins er 314m². Í leikskólanum dvelja 29 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára, 15 stúlkur og 14 drengir. Börnunum er skipt á tvær deildir, Lambadal og Krummaklett. 14 og 15 börn eru á hvorri deild og fer fjöldinn eftir aldri barnanna. Í Álfaborg eru þrjú börn með annað móðurmál en íslensku, tvö börn með skilgreindan stuðning og er gerð einstaklingsnámskrá fyrir þau. Sex börn eru í þjálfun hjá talmeinafræðingi. Leikskólinn er opinn frá kl. 8:00-17:00.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 9 starfsmenn í 7,22 stöðugildum, þar með talinn leikskólastjóri. Leikskólakennarar eru fjórir, þar af þrír starfandi á deild eða 79% af starfsfólki á deildum. Stjórnunarhlutfall Álfaborgar er 100% og því enginn aðstoðarleikskólastjóri starfandi við leikskólann. Starfsmenn utan deilda eru talmeinafræðingur í 15% starfi og starfsmaður í eldhúsi í 68% stöðu. Verktakar sjá um ræstingar. Allir starfsmenn leikskólans eru konur. Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.³

Starfsmannavelta

Ekki hefur verið mikil starfsmannavelta í leikskólanum frá 2008.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁴ Heilbrigðiseftirlit og brunavarnaftirlit gerði úttekt á leikskólanum árið 2014 og í skýrslu þeirra komu fram athugasemdir um minniháttar lagfæringar innanhúss, óvirkt útljós og athugasemdir við útileiksvæði. Eldri deild leikskólans og starfsmannaaðstaða er í gömlu skólahúsnæði á þremur hæðum. Þar sem áður voru kennaraíbúðir áfastar skólabyggingunni á fyrstu hæð er nú deild fyrir yngri börn ásamt móttökueldhúsi. Það húsnæði var tekið í notkun árið 2000. Á yngri deild eru þrjú herbergi auk rýmis á gangi. Eitt herbergi á yngri deild er nýtt sem matsalur fyrir öll börnin en utan matmálstíma nýtist það sem leiksvæði barna. Á eldri deild eru tvö herbergi og auk þess nýta börnin leikrými á gangi. Salernisaðstaða er fyrir hvora deild, sameiginlegur listaskáli í kjallara og sameiginlegur fataklefi á fyrstu hæð. Aðstaða er fyrir sérkennslu, aðstaða fyrir undirbúning starfsmanna, aðstaða til fundahalda og kaffistofa eru á þriðju hæð. Tröppur og stigar eru í húsnæðinu en engin lyfta og því stenst húsnæðið ekki kröfur um aðgengi fyrir alla.⁵ Hljóðvist á yngri deild er í góðu lagi en samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra þarfnast eldri deildin lagfæringar varðandi hljóðvist⁶ og geta matsmenn tekið undir það.

Útileiksvæði

Útileiksvæði í Álfaborg er rúmgott og skjólsælt og býður upp á ýmsar áskoranir. Unnið hefur verið að lagfæringum og breytingum á leiksvæðinu m.a. með það í huga að undirbúa inntöku yngri barna í leikskólann næstkomandi haust. Í maí 2014 gerði Heilbrigðiseftirlit athugasemdir varðandi fellundirlag hjá nýjum rólum og um kastala sem þarfnast endurnýjunar. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er verið að vinna að þessum lagfæringum.

3 Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

4 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

5 Byggingarreglugerð nr. 112/2013.

6 Viðtal við leikskólastjóra.

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Foreldraráð hefur starfað við leikskólann frá 2009.

Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Fjármagnsúthlutun til leikskólans var skert og stjórnendum gert að hagræða til samræmis við þá skerðingu. Starfsmönnum var ekki fækkað en dregið var úr kostnaði við endurmenntun starfsmanna, dregið úr innkaupum á kennslugögnum og í staðinn lögð aukin áhersla á nýtingu verðlauss efnis.⁷

Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Í skólastefnu Bláskógabyggðar segir:

Starf leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar einkennist af jafnrétti allra nemenda. Hverjum einstaklingi á að skapa námsskilyrði þannig að hann geti á eigin forsendum þroskast og dafnað. Markmið hvors skólastigs er að útskrifa sjálfstæða, lífsglaða einstaklinga reiðubúna til frekara náms. Skólinn er undirbúningur fyrir framtíðina, því er lögð áhersla á að efla og styrkja sjálfsþekkingu nemenda á þann hátt að þeir þroski með sér frumkvæði og sköpunarkraft til að þeir geti í framtíðinni tekist á við margbreytilegar aðstæður í daglegu lífi. Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru ein liðsheild. Því er mikilvægt að í daglegu starfi einkennist samskipti þessara einstaklinga af virðingu fyrir hverjum og einum, jákvæðni og miklum metnaði til að ná sem bestum árangri.⁸

Þann 1. janúar 2014 stofnuðu sjö sveitarfélög í Árnesþingi, þ.e. Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Ölfus, sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu. Markmið hennar er meðal annars að stuðla að framþróun í skólastarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla. Leikskólastjóri Álfaborgar bindur miklar vonir við þetta starf og telur það til heilla fyrir svæðið.⁹

Ný skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings hefur sett sér eftirtalin markmið um skóla og skólaþjónustu sem taka til allra leikskóla og grunnskóla í Árnesþingi:

- Jákvæð sjálfsmynd, heilbrigði og vellíðan.
- Samfella milli skólastiga.
- Lestur – formlegt lestrarnám í leikskóla.
- Einstaklingsmiðað nám.¹⁰
- Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslurættir leikskólans

Í hugmyndafræði leikskólans Álfaborgar er litið til starfsaðferða Reggio Emilia og gengið út frá einkunnarorðunum Börn hafa hundrað mál en tekin hafi verið frá þeim níutíu og níu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að hvetja börnin til að nota málin sín hundrað, gefa þeim tækifæri til að kanna umhverfi sitt með öllum skynfærum og tjá sig á fjölbreyttan hátt, t.d. með orðum, teikningum, tónlist, hreyfingu o.fl.¹¹ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann telur mikilvægt að starfa samkvæmt ákveðinni stefnu og að ráða fólk til leikskólans sem er tilbúið að vinna í þessum anda.¹² Náms- og þroskaleið barnanna er í gegnum leikinn og honum skal gefa nægan tíma og rými. Í skólanámskrá leikskólans segir að leggja skuli áherslu á að bera virðingu fyrir frjálsum leik barnanna og skaffa þeim fjölbreyttan efnivið og umhverfi.¹³

7 Viðtal við leikskólastjóra.

8 Heimasíða Bláskógabyggðar.

9 Viðtal við leikskólastjóra.

10 Skóla- og velferðarþjónusta í Árnesþingi – bæklingur.

11 Skólanámskrá Álfaborgar.

12 Viðtal við leikskólastjóra.

13 Skólanámskrá Álfaborgar.

Í tengslum við skólanámskrárvinnu var ákveðið að finna gildi fyrir leikskólann. Gildin eru *virðing, fagmennska og vellíðan*. Í nánari skýringu segir:

- Virðing. Þá er átt við að borin er virðing fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu.
- Fagmennska. Starfsfólk sýnir fagmennsku í verki sem og er duglegt við að fylgjast með þróun og nýbreytni í leikskólamálum.
- Vellíðan. Í því felst meðal annars jákvæðni, hlýja og gleði sem einkennir skólastarfið okkar.

Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að hann telur fagmennsku, virðingu og vellíðan vera forsendur þess að starfið gangi vel og að í starfsaðferðum Reggio Emilia felist lýðræði, jafnrétti og jákvæðni.¹⁴ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að stöðugt er leitast við að efla vinnu í anda hugmyndafræðinnar, mikil áhersla er lögð á skapandi starf og einstaklingsmiðað nám, tekið er tillit til styrkleika hvers og eins og á það jafnt við um börn og starfsmenn.¹⁵ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir þekkja vel stefnu og einkunnarorð leikskólans, segja að mikil umræða um hugmyndafræðina fari fram á starfsmannafundum og starfsmenn séu óhræddir við að fara nýjar leiðir í starfinu.¹⁶ Árið 2008 gerði leikskólastjóri sem þá var að hefja störf, sjö ára áætlun um þróun starfsins í leikskólanum. Þessi áætlun er metin árlega og bætt inn í nýjum verkefnum. 2008 hófst innleiðing starfsaðferða Reggio Emilia, 2011 hófst vinna við gerð nýrrar skólanámskrár og 2014 hefst innleiðing nýrra markmiða skóla- og velferðarþjónustu Árneshóps og innleiðing *Jákvæðs aga*.¹⁷

Í byrjun árs 2014 var ákveðið að þróa agastefnu sem nefnast *jákvæður agi* (e. positive discipline). Hún felur í sér að horft er á orsakir hegðunar og hvaða gildismat býr að baki þegar leitast er við að leiðrétta hegðun í stað þess að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Hugmyndafræðin að baki þessari aðferð gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.¹⁸

Styrkleikar

- Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.
- Í leikskólanum er unnið út frá ákveðinni hugmyndafræði og starfsmenn hafa sameinast um einkunnarorð fyrir leikskólann.
- Í leikskólanum er unnið samkvæmt áætlun um þróun leikskólastarfsins frá 2008 til 2015.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barna.
- Lögð er áhersla á einstaklingsbundið nám og mikilvægi þess að taka tillit til styrkleika hvers og eins.
- Verið er að innleiða *jákvæðan aga* (agastefnu) í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf við endurbætur á útileiksvæði.
- Meta þarf hljóðvist á eldri deild leikskólans.

14 Viðtal við leikskólastjóra.

15 Rýnihópur deildarstjóra.

16 Rýnihópur starfsmanna.

17 Gögn frá leikskólastjóra. Innleiðing Reggio Emilia í leikskólastarfið.

18 Upplýsingar og gögn frá leikskólastjóra. *Jákvæður agi – Handbók*, 2013.

Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans Álfaborgar var unnin á starfsdögum á árunum 2011 og 2012. Uppfyllir hún þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skólafestnu Bláskógabyggðar frá árinu 2012. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Hugmyndafræði leikskólans byggir á starfsaðferðum Reggio Emilia. Í námskránni er fjallað um lykilþættina leik og nám, lýðræði og jafnrétti, læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menningu. Einkunnarorð leikskólans

eru *virðing, fagmennska og vellíðan*. Í skólanámskrá Álfaborgar er lögð áhersla á að leikurinn sé mikilvægasta náms- og þroskaleið barna og honum þurfi að gefa nægan tíma, gott rými og fjölbreyttan efnivið og umhverfi. Einnig er lögð áhersla á ábyrgð og fagmennsku kennarans í að skapa börnum þroskavænlegt umhverfi og efla sjálfstæði þeirra.

Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá

Samkvæmt dagskipulagi leikskólans skiptist dagurinn í hópastarf, frjálstan leik og útiveru. Á hverri önn er unnið með ákveðið þema sem barnahópurinn tekur þátt í að velja og ef hugmyndin gengur ekki upp, sameinast barnahópurinn um nýja hugmynd.¹⁹ Matsmenn sáu að skráningar á þemavinnu eru sýnilegar á veggjum og fram kom hjá deildarstjórum að hugðarefni barnanna sjálfrá eru leiðarljós í þeirri vinnu. Í skólanámskrá kemur fram að leikurinn eigi að vera undirstaða alls starfs í leikskólanum, leiknum þurfi að gefa nægan tíma og gott rými. Í starfi leikskólans er lögð áhersla á frelsi barna til að kanna umhverfi sitt og vinna með eigin hugmyndir. Í leik fá börnin að flæða að miklu leyti óhindrað um húsnæðið og geta haft áhrif á umhverfi sitt og nám.²⁰ Í viðtali við leikskólastjóra og deildarstjóra kom fram að reynt sé að leyfa eldri börnunum að flæða sem mest óhindrað um húsnæðið og vinna með hugmyndir sínar.²¹ Í vettvangsathugun urðu matsmenn vitni að því hvernig börnin unnu frjálst með hugmyndir sínar, nýttu ganga og stiga í leik sínum og náðu sjálf í efnivið til að vinna með.

Í rýnihópi starfsmanna kom fram að lögð væri áhersla á hlýju í samskiptum við börnin, virka hlustun og að beita jákvæðum aga, „skilar sér í hugmyndaávikunum börnum og jákvæðum“ sögðu starfsmenn. Á yngri deild er lögð áhersla á að fara í sömu hæð og yngstu börnin og ná við þau augnsambandi.²² Matsmenn sáu dæmi þessa í vettvangsathugun þar sem starfsmenn voru með börnum í leik.

Vinna með læsi og samskipti var ágætlega sýnileg í leikskólanum. Að sögn deildarstjóra er unnið að því að efla læsi í leikskólanum og á eldri deild var ritmál mjög sýnilegt í umhverfinu. Matsmenn sáu hvernig unnið er með læsi á mismunandi hátt, lesnar bækur, sungið, sagðar sögur og unnið með spil sem efla málþroska barna. Einnig var nokkuð um sýnilegt ritmál á deild yngri barna og tákni með tali áberandi í starfinu þar.

Sköpun er afar áberandi þáttur í leikskólanum og sáu matsmenn mikið af efnivið og kennslutækjum sem tengjast tónlist og myndlist og hafa börnin í flestum tilfellum góðan aðgang að öllu efni. Að sögn deildarstjóra er reynt að samtvinna tónlist og myndlist í skapandi starfi, oft í tengslum við þemavinnu.²³

Matsmenn sáu dæmi um hvernig unnið er með sjálfbærni og vísindi bæði í listaskála og á deildum, má þar t.d. nefna ljósaborð og myndvarpa og mikla notkun á verðlausu efni. Einnig mátti sjá hvernig unnið er með stærðfræði á báðum deildum en tölustafir og efni tengt stærðfræði er víða á deildunum. Ekki sáu matsmenn dæmi þess að unnið væri með flokkun úrgangs eða pappírs.

-
- 19 Rýnihópur deildarstjóra.
 - 20 Skólanámskrá Álfaborgar.
 - 21 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.
 - 22 Rýnihópur starfsmanna.
 - 23 Rýnihópur deildarstjóra.

Til þess að auka heilbrigði og vellíðan barnanna er boðið upp á hollan mat og mikla hreyfingu. Maturinn kemur frá eldhúsi sem sér um mat fyrir leikskóla, grunnskóla og fleiri stofnanir á svæðinu.²⁴ Oft er farið með börn af báðum deildum í lengri og styttri vettvangsferðir og heimsóknir í fyrirtæki á staðnum. Í nágrenni leikskólans eru gróðurhús og njóta börnin þess að fá ferskt grænmeti daglega og sáu matsmenn dæmi um hvernig þau nutu þess að borða tómata og agúrkur af jafn mikilli ánægju og ávexti sem einnig voru í boði. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum og þau geta valið um hvað þau vilja gera. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telja að börnin fái þroskandi verkefni við hæfi, vel sé hlúð að velferð þeirra og almennt hafi leikskólinn vaxið mikið á faglegan hátt síðastliðin ár.²⁵

Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Allir starfsmenn leikskólans komu að gerð nýrrar skólanámskrár. Vinnan var skipulögð þannig að fyrst þurftu allir starfsmenn að lesa aðalnámskrá og var reynt að skapa þeim tíma og rými til að gera það í leikskólanum. Því næst var unnið í þriggja manna hópum yfir veturinn þar sem hver hópur tók fyrir tvo lykilþætti, las viðkomandi fylgirit með aðalnámskrá, ræddi saman og ígrundaði og skilaði síðan skriflegum niðurstöðum. Á næsta skipulagsdegi kom allur hópurinn saman og fór sameiginlega yfir alla þætti námskrárinnar. Mat barnanna frá síðasta skólaári var einnig lagt til grundvallar í námskrárvinnunni og foreldrakönnun sem gerð var árið áður. Að loknum umræðum hópsins gekk leikskólastjóri frá drögum að námskrá. Foreldraráð fékk svo námskrána til yfirlestrar og gaf sína umsögn. Að því loknu var námskráin send til fræðslunefndar Bláskógabyggðar til samþykktar.²⁶

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur gert skólanámskrá sem stenst kröfur aðalnámskrár leikskóla frá 2011.
- Allir starfsmenn tóku þátt í vinnu við gerð skólanámskrár.
- Mat barna og foreldra á skólafarfinu var haft til viðmiðunar í námskrángerðinni.
- Lykilþættir í uppeldissýn leikskólans birtast í skólanámskrá.
- Unnið er samkvæmt þeim þáttum sem fram koma í skólanámskrá.
- Lögð er áhersla á sköpunarferlið í námi barna.
- Hugðarefni barnanna eru leiðarljós í þemavinnu.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru sýnileg innan leikskólans.
- Virk hlustun er notuð í samskiptum við börn.

Tækifæri til umbóta

- Gera mætti ritmál sýnilegra á deild yngri barna.
- Æskilegt væri að auka sjálfbærni með því að taka upp flokkun á úrgangi og pappír.

24 Viðtal við leikskólastjóra.

25 Rýnihópar foreldra og starfsmanna.

26 Rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra. Viðtal við leikskólastjóra.

Stjórnun og starfsmannamál

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Álfaborgar er Bláskógabyggð. Sveitarfélagið tekur þátt í rekstri skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ásamt sex öðrum sveitarfélögum. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur rekstrarlegt eftirlit með skólum sveitarfélagsins en skrifstofa skóla- og velferðarþjónustu hefur faglegt eftirlit. Markmið skólajónustunnar er að veita sem besta kennslufræðilega og sálfræðilega ráðgjöf og aðstoða við umbóta- og þróunarstarf í grunnskólum og leikskólum samkvæmt skólastefnu Bláskógabyggðar. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslunefnd sem er skipuð þremur fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Skólastjórnendur, fulltrúar starfsmanna og foreldra í Bláskógabyggð eiga setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk ráðsins er að fara með málefni leikskóla og tónlistarskóla.²⁷ Eftirlit með starfsemi leikskólans er á höndum fræðslunefndar sem fer yfir starfsáætlanir og starfsskýrslur frá leikskólanum.²⁸

Leikskólastjóri Álfaborgar hóf störf árið 2008. Hann leggur áherslu á þátttökustjórnun og valddreifingu en tekur fram að þó hann aðhyllist tiltölulega flatan stjórnunarstíl sé alltaf nauðsynlegt að síðasta orðið sé hjá leikskólastjóra. Leikskólastjóri leggur áherslu á að hafa skriflega verkferla og telur það auka öryggi starfsmanna, „ég er svona pappírskona, vil hafa skýrt á blaði allar svona verklagsreglur“. Leikskólastjóri segist leggja áherslu á að deildarstjórar starfi samkvæmt starfslýsingu frá Félagi leikskólakennara.²⁹ Þeir eru stjórnendur á sinni deild, bera ábyrgð á starfsemi hennar og á samvinnu milli deilda. Í fjarveru leikskólastjóra eru deildarstjórar ábyrgir fyrir rekstri leikskólans. Ekki er til skriflegur samningur um þetta fyrirkomulag. Leikskólastjóri fundar vikulega með deildarstjórum.³⁰ Leikskólastjóri fundar reglulega með fræðslunefnd ásamt öðrum skólastjórnendum í Bláskógabyggð.³¹ Starfslýsingar fyrir starfsmenn og áætlun um fundi innan leikskólans koma fram í handbók um móttöku nýrra starfsmanna frá 2014.³² Fimm starfsdagar eru á ári, deildarstjórafundir vikulega, deildarfundir vikulega og starfsmannafundir mánaðarlega. Starfsdagar eru nýttir fyrir undirbúning fagstarfsins, fræðslu og innra mat.³³ Hjá deildarstjórum kom fram að vikulegir deildarfundir eru nýttir til að ræða innleiðingu nýrrar námskrár og aðra faglega umræðu og það sé mikilvægt að allir starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt í leikskólanum. „Þarf alltaf að vera með aðferðafræðina í umræðunni, kennarinn þarf að vera sjálfstæður þar sem stundarskráin er opnari og enginn að vinna innan fyrirfram ákveðins ramma“ sagði annar deildarstjórinn.³⁴ Ekki er til skipurit fyrir leikskólann en á heimasíðu hans er að finna lista yfir starfsmenn með starfsheitum. Ákvarðanatata varðandi fagstarf og rekstur leikskólans er í höndum leikskólastjóra og deildarstjóra með aðkomu annars starfsfólks. Starfsáætlun er unnin með aðkomu alls starfsfólks og einnig kemur starfsfólk að umræðu um nýtingu fjármagns leikskólans. Að mati stjórnenda og starfsmanna er ákvarðanatata ágætlega skilvirk og mikil ánægja er með stjórnun leikskólans af hálfu starfsmanna og foreldra.³⁵ Að sögn deildarstjóra og starfsmanna hafa þeir gott aðgengi að leikskólastjóranum, eru vel upplýstir um boðleiðir og finnst verkaskipting milli stjórnenda skýr þó hún sé ekki skrifleg. Í sama streng taka foreldrar og segja að auðvelt sé að ná sambandi við leikskólastjóra og aðra starfsmenn leikskólans.³⁶ Starfsmenn telja stjórnun leikskólans góða, leikskólastjóri hvetji þá til að taka að sér verkefni og bera ábyrgð á þeim. Leikskólastjóri leggur áherslu á að horfa á styrkleika hvers og eins og taka tillit til aðstæðna fólks ef þess gerist þörf.³⁷ Deildarstjórar og starfsmenn eru sammála um að leikskólastjórinn leggi áherslu á að efla gleði og góðan starfsanda.³⁸

-
- 27 Heimasíða Bláskógabyggðar.
 - 28 Upplýsingar frá formanni fræðslunefndar.
 - 29 Starfslýsing deildarstjóra í leikskólum.
 - 30 Viðtal við leikskólastjóra.
 - 31 Upplýsingar frá formanni fræðslunefndar.
 - 32 Gögn frá leikskólastjóra.
 - 33 Gögn frá leikskólastjóra og viðtal.
 - 34 Rýnihópur deildarstjóra.
 - 35 Rýnihópar starfsmanna og foreldra.
 - 36 Rýnihópar deildarstjóra, starfsmanna og foreldra.
 - 37 Rýnihópur starfsmanna.
 - 38 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

Starfsmenn telja sig fá mikið hrós og hvatningu frá deildarstjórum og leikskólastjóra. Nýjum hugmyndum er vel tekið og starfsmenn hvattir til þess að fylgja þeim eftir.³⁹ Deildarstjórar sögðu að leikskólastjóri hrósaði þeim fyrir vel unnin störf en töldu þó að hann mætti hrósa starfsmönnum oftar.⁴⁰ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann telur sig hrósa starfsfólki en tekur fram að alltaf megi gera betur í þeim efnum og mismunandi sé hversu miklu hrósi fólk sækist eftir.⁴¹ Í rýnihópi barnanna kom fram að þau vita hvað leikskólastjórinn heitir og aðspurð um hvað hann geri sögðu þau hann vera að vinna í tölvunni, „hún er tölvukona“ sagði eitt barnið. Greinilegt er að þau hafa gott aðgengi að leikskólastjóra og sáu matsmenn dæmi um það. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann telur mikilvægt að börnin hafi gott aðgengi að honum og nefndi dæmi um hvernig hann mætir óskum þeirra um aðstoð.⁴²

Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn gefur árlega út starfsáætlun, eins og lögbundið er. Hana er að finna á heimasíðu leikskólans. Þar er að finna upplýsingar um leikskólastarfið almennt, dagskipulag, leikskóladagatal, helstu viðfangsefni skólaársins, áætlun um innra mat og upplýsingar um matsaðferðir og símenntunaráætlun fyrir starfsmenn. Eins og áður segir þá gerði leikskólastjóri í upphafi starfsferils síns sjö ára áætlun um uppbyggingu Reggio Emilia aðferðarinnar, en starfsmenn hafa komið að því að finna leiðir. Ætlunin er að nota sömu aðferð við innleiðingu *jákvæðs aga* í leikskólanum, fyrsti veturinn fer í að kynna sér aðferðina og á næsta ári er ætlunin að taka fyrir einstaka þætti.⁴³ Leikskólinn skilar árlega starfsskýrslu til fræðslunefndar. Starfsmannasamtöl eru tvisvar á ári fyrir alla starfsmenn. Leikskólastjóri tekur viðtöl við deildarstjóra og starfsmenn utan deilda en deildarstjórar taka viðtöl við sína starfsmenn og fara þau fram að hausti. Leikskólastjóri tekur seinna viðtal við starfsmenn eftir áramót.⁴⁴ Leikskólinn er með símenntunaráætlun fyrir starfsmenn og yfirlit yfir nýtingu hennar.⁴⁵ Móttökuáætlun er til fyrir nýja starfsmenn þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um leikskólastarfið og samskiptareglur.⁴⁶ Bláskógabyggð hefur sett sér forvarnarstefnu fyrir allar stofnanir sveitarfélagsins þar sem segir að leikskólar skuli markvisst auka forvarnarstarf.⁴⁷ Leikskólinn er með áfallaáætlun, rýmingaráætlun, jarðskjálftaáætlun og inflúensuáætlun.

Styrkleikar

- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Góð sátt ríkir um stjórnun leikskólastjórans.
- Starfsmenn eru hvattir til að fylgja eftir hugmyndum sínum.
- Ákvarðanataka varðandi fagstarf og rekstur leikskólans er í höndum leikskólastjóra og deildarstjóra með aðkomu annars starfsfólks.
- Börnin hafa gott aðgengi að leikskólastjóra.
- Samvinna stjórnenda við fræðslunefnd er góð og funda þessir aðilar reglulega.
- Samvinna stjórnenda innan leikskólans er góð og verkaskiptin skýr þó hún sé ekki skrifleg.
- Gerð hefur verið handbók með móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Leikskólinn gefur út starfsáætlun og skilar árlega starfsskýrslu.

39 Rýnihópur starfsmanna.

40 Rýnihópur deildarstjóra.

41 Viðtal við leikskólastjóra.

42 Viðtal við leikskólastjóra.

43 Viðtal við leikskólastjóra.

44 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

45 Starfsáætlun Álfaborgar.

46 Gögn frá leikskólastjóra.

47 Gögn frá leikskólastjóra.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti skriflegt samkomulag um afleysingu deildarstjóra í fjarveru leikskólastjóra.
- Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans.
- Gera formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendum og starfsmenn leikskólans.
- Gera skriflega verkferla um ákvarðanatöku.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Þar segir:

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfs. Leikurinn er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.⁴⁸

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að leikurinn sé aðal tjáningarmáti, náms- og þroskaleið barna og byggist leikskólastarfið á því að nýta leikinn á markvissan og skapandi hátt í samþættu uppeldi og námi barna. Unnið er út frá Reggio Emilia og hvatt er til sköpunar til að auka sjálfstæði barna og trú þeirra á eigin getu.⁴⁹ Í skýrslu um áherslur í starfi 2013-2015 er markvisst skilgreint hlutverk kennara gagnvart leik barna⁵⁰ og er sérstök áhersla á virðingu fyrir hugmyndum og verkum barnanna.⁵¹ Börn hafa áhrif á verkefnaval sitt og skipulag í leikrymum sem taka breytingum í takt við þær áherslur sem ríkja í barnamenningunni hverju sinni.⁵² Starfsaðferðir einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum, gleði og sköpun og matsaðilar urðu vitni að því hvernig börnin gátu nýtt hin ýmsu rými leikskólans óhindrað og fengu að þróa hugmyndir í gegnum leikinn. Að sögn starfsmanna er lögð áhersla á að kenna börnunum að leita lausna þegar leysa þarf ágreining.⁵³ Matsmenn urðu ekki varir við ágreining meðal barnanna sem virtust glöð og áhugasöm. Eins og áður hefur komið fram er frjálsi leikurinn í hávegum hafður í dagskipulagi leikskólans og fram kom hjá leikskólastjóra, deildarstjórum og starfsmönnum að starfsemin sé ekki bundin við klukkuna nema að litlu leyti. Í viðtali við deildarstjóra kom fram að lögð er áhersla á flæði og frelsi, „Ekki þessi stífi rammi, ekki vera að stressa sig á tímanum og finna hver er sterkur í hverju og gefa viðkomandi verkefni sem hentar“.

Í leikskólanum matast yngstu börnin saman í einni stofu og sitja þar til borðs með kennurum. Eldri börnin matast í annarri stofu og skammta sér sjálf mat á diska af hlaðborði. Gert er ráð fyrir daglegri útiveru allra barna, hópastarf er tvisvar í viku, hreyfing í íþróttahúsi einu sinni í viku og elstu börnin fara vikulega í grunnskólann.

Leikföng og efniviður

Efniviður innanhúss er fjölbreyttur. Gamlir hlutir, sem velunnarar hafa gefið, hafa verið gerðir upp og fengið nýtt líf í bland við annan efnivið leikskólans. Hugmyndaauðgi starfsfólks er sýnilegt á afar skemmtilegan máta þegar kemur að því að nýta það sem til fellur, smíða og breyta, sem er í takt við hugmyndafræði Reggio Emilia.⁵⁴ Töluvert er um opinn efnivið eins og kubba, myndvarpa og fleira og er ríkulegt úrval spila. Bókakostur er góður og á eldri deild eru bækur í hæð barnanna. Umhverfið er gert örvandi á markvissan hátt með því að setja inn kveikjur sem komið geta ákveðnu lærdómsferli af stað og þeim breytt reglulega. Speglar, bókstafir, tölur og fleira er víða í umhverfinu. Að mati starfsmanna og stjórnenda er almenn ánægja með þann efnivið sem í boði er en tími er kominn á að endurnýja sumstaðar auk þess sem auka mætti aðkeyptan efnivið til listsköpunar.⁵⁵

48 Aðalnámskrá leikskóla 2011.

49 Skólanámskrá Álfaborgar 2014.

50 Gögn frá leikskólastjóra - Áherslur í starfi 2013-2015.

51 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna. Viðtal við leikskólastjóra og talmeinafræðing.

52 Áherslur í starfi 2013-2015, viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra.

53 Rýnihópur starfsmanna.

54 Rýnihópur starfsmanna.

55 Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra.

Líðan barna

Í námskrá leikskólans er vellíðan eitt af einkunnarorðunum og felur það í sér að jákvæðni, hlýja og gleði einkenni starfshætti.⁵⁶ Lagt er upp úr jákvæðri framkomu við börnin, virkri hlustun og því að mæta barni þar sem það er statt hverju sinni. Gleði einkennir starfsmannahópinn sem skilar sér í barnahópinum að mati starfsfólks, talmeinafræðings og stjórnenda.⁵⁷ Í foreldrakönnun 2012-2013 kom fram að allir foreldrar telja að börn þeirra séu ánægð í leikskólanum og líði vel.⁵⁸ Í rýnihópi barna kom fram að þeim líður vel í leikskólanum en sum sögðu að þeim leiddist þegar félagar væru fái á morgnana. Í rýnihópi foreldra var mikil ánægja með hvernig þörfum hvers einstaklings er mætt innan barnahópsins. Sérstaklega lýstu foreldrar ánægju sinni með notkun á tákni með tali sem er tjáskiptaaðferð sem notuð er til málörvunar og tjáskipta fyrir heyrandi börn með málproskaröskun.⁵⁹ Afslappað andrúmsloft ríkir í leikskólanum, dagskipulagið stýrist ekki af klukkunni og áherslan á líðandi stund. Jákvæðni og frumkvæði einkenna barnamenninguna á vettvangi og í vettvangsathugun var sýnilegt hversu vel sköpunarkraftur barna fær að njóta sín. Til að mynda höfðu viðtöl sem matsmenn tóku við elstu börnin þau áhrif að lítil hópur barna lék þau eftir stóran hluta dags. Þau fengu óhindrað að nota skrifstofu leikskólastjóra og tóku börnin starfsmenn og börn í viðtöl hvert á eftir öðru.

Lýðræði og mannréttindi

Í skólafestnu Bláskógarbyggðar segir að nemendur skuli búa við námumhverfi sem mótast af lýðræðislegri þátttöku, virðingu, samhug og gleði.⁶⁰ Í námskrá leikskólans kemur fram að áhersla er á jafnrétti og að lýðræðisleg vinnubrögð skuli fléttast inn í allt starf leikskólans, m.a. með samskiptum, samvinnu, samstöðu og viðurkenningu á ólíkum skoðunum.⁶¹ Leikskólastjóri leggur upp með þátttökustjórnun og valddreifingu í starfsmannahaldi sem hvetur til lýðræðislegra vinnubragða.⁶² Stjórnendur og starfsmenn telja lýðræðisleg vinnubrögð vera í öllum þáttum starfsins, finnst þeir fá verkefni sem eru í samræmi við menntun þeirra og hæfileika og fá hvatningu til þess að prófa nýja hluti.⁶³ Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst þau hafa val um viðfangsefni og fá að velja sér leikfélaga. Þegar börnin voru spurð um hver byggi til reglur leikskólans sammæltust þau um að það væri leikskólastjórinn.⁶⁴ Lýðræðisleg vinnubrögð eru áberandi í öllum starfsháttum leikskólans og kom það fram í öllum rýnihópum og viðtölum.⁶⁵ Leikrými eru skipulögð í samráði við börn og fá elstu börnin tækifæri til að meta skóladaðgatalið.⁶⁶ Foreldrar telja að hlustað sé á raddir þeirra og vel sé brugðist við öllum ábendingum og óskum.⁶⁷

Samskipti og hegðun

Samskipti við börn eru mikið til umfjöllunar í starfsmannahópnum og áhersla lögð á að vera í sömu hæð og börnin og nota virka hlustun.⁶⁸ Starfsfólk leikskólans ákvað s.l. haust að þróa upp aðferðir (agastefnu) í samskiptum við börn sem nefnist *jákvæður agi* (e. positive discipline) og byggist á því að kenna félagsfærni og lífsleikni. Grunnhugtök í jákvæðum aga eru virðing, reisn, vinsemd og festa. Markviss innleiðingaráætlun hefur verið unnin og er miðað við að því ferli ljúki árið 2016.⁶⁹ Á eldri deild er verið að æfa og þjálf samskiptafærni barna, m.a. með klípusögum. Einnig hefur verið unnið að því að bæta samskipti í starfsmannahópnum á starfsmannafundum og er mikil ánægja með þann

56 Skólanámskrá Álfaborgar.

57 Viðtal við talmeinafræðing, viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra.

58 Foreldrakönnun 2012-2013.

59 Rýnihópar foreldra og barna.

60 Skólafestna Bláskógarbyggðar.

61 Skólanámskrá Álfaborgar.

62 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

63 Rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra.

64 Rýnihópur barna.

65 Viðtöl við leikskólastjóra og talmeinafræðing, rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna

66 Rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra og viðtal við leikskólastjóra.

67 Rýnihópur foreldra.

68 Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra.

69 Gögn frá leikskólastjóra - Innleiðingaráætlun á jákvæðum aga 2013-2016 og *Jákvæður agi – Handbók*, 2013.

afrakstur. Töldu allir að sú vinna hefði skilað sér á þann hátt að hreinskiptni og jákvæðni hefði aukist.⁷⁰ Í vettvangsathugun mátti sjá afar jákvæð samskipti barna á milli og starfsfólk leiðbeindi á uppbyggilegan hátt. Lögð er áhersla á að fullorðnir séu fyrirmyndir í samskiptum og í áætlun um áherslur í starfi 2013-2015 kemur fram að notaðar verði upptökur af starfsmönnum í samskiptum við börn til að meta þann þátt í starfinu.⁷¹

Skólaþróun

Verkferlar fyrir faglega þróun leikskólastarfsins eru skýrir og markvissir. Áætlanir um innleiðingu á hugmyndafræði Reggio Emilia, innleiðingu á jákvæðum aga og áherslur í starfi ná til ársins 2015.⁷² Hugmyndafræði stefunnar er rædd á starfsmannafundum, starfsdögum og á deildafundum. Að mati starfsmanna og stjórnenda hefur fagleg umræða aukist, þróun verkefna hafi náð að festast vel í sessi og lítið sé um starfsmannabreytingar. Starfsmenn og stjórnendur telja að nægt framboð sé á símenntun og starfsmenn fá mikla hvatningu til náms af hálfu leikskólastjóra. Í gangi er þróunarverkefni um læsi og stærðfræði á eldri deild leikskólans og er markmið þess að leggja góðan grunn fyrir lestrarkennslu og annað nám í grunnskóla. Að sögn deildarstjóra, sem hefur umsjón með verkefninu, er kennt í gegnum leikinn og eftir áhuga barnanna. Unnið er með myndir, orð, bækur og fjölbreytta notkun á málinu í öllu starfi.⁷³ Ekki hefur verið sótt um þróunarstyrk í þessa vinnu og mætti skoða það.⁷⁴ Í þróun er samstarf við grunnskólann um að mynda samfellu á milli leik- og grunnskóla og hefur verið gefinn út bæklingur þar sem foreldrum er kynnt það samstarf. Í rýnihópi foreldra kom fram að síðastliðin ár hafi leikskólinn styrkst afar mikið á faglegan hátt og mætti þakka það góðri stjórnun og góðum stjórnanda.⁷⁵ Í haust mun leikskólinn bjóða eins árs börnum leikskólavist og hafa verið gerðir verkferlar fyrir þær breytingar.

Styrkleikar

- Börnum eru gefin tækifæri til að þróa hugmyndir sínar í gegnum leik.
- Húsnæði leikskólans er vel nýtt fyrir leik og starf.
- Jákvæð samskipti eru sýnileg á meðal barna og starfsmanna.
- Unnið er markvisst að því að viðhalda og auka jákvæðni og gleði í leikskólanum.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru í öllum þáttum leikskólastarfsins.
- Leikföng og efniviður eru aðgengileg fyrir börnin.
- Hafin er innleiðing samskiptaáðferðar sem kallast jákvæður agi.
- Börnin eru ánægð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Stöðugleiki er í starfsmannahópnum.
- Börnin hafa frjálst val um leiksvæði innan dyra, gott aðgengi að efniviði og frjálst val um leikfélaga.
- Í leikskólanum eru skýrir verkferlar varðandi þróun skólastarfsins.

Tækifæri til umbóta

- Huga mætti að því að sækja um styrk til þróunarverkefna sem unnið er að í leikskólanum.
- Meta ætti þörf fyrir endurnýjun á efniviði fyrir börnin í leikskólanum.

70 Rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra og viðtal við leikskólastjóra.

71 Áherslur í starfi 2013-2015.

72 Gögn frá leikskólastjóra - Innleiðingarætlun um jákvæðan aga, innleiðingarætlun Reggio Emilia og áherslur í starfi 2013-2015.

73 Rýnihópur deildarstjóra.

74 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

75 Rýnihópur foreldra.

Skólabragur og samskipti

Leikskólinn hefur ekki sett sér starfsmannastefnu en starfar samkvæmt starfsmannastefnu Bláskógabyggðar. Í henni segir m.a. að skapa skuli starfsmönnum góð starfsskilyrði þannig að þeir geti veitt góða þjónustu en jafnframt notið ánægju í starfi.⁷⁶

Í námskrá leikskólans segir að leikskólastjóri sem yfirmaður leikskólans beri ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskólans og deildarstjórar beri ábyrgð á uppeldisstarfinu í samvinnu við leikskólastjóra. Leiðbeinendur starfa í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra að uppeldisstarfinu í leikskólanum.⁷⁷ Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að í leikskólanum væri mikill mannauður í samheldnum hópi starfsmanna með margþætta hæfileika og reynslu. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er lögð áhersla á að starfsmenn viti að hvaða markmiði er stefnt í leikskólanum, geti haft áhrif á starfið í leikskólanum og hafi tækifæri til að nýta hæfileika sína.⁷⁸ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að starfsmenn eru óhræddir við að prófa nýja hluti, hlusta á börnin og beita fjölbreyttum starfsaðferðum.⁷⁹ Í viðtali við börnin kom í ljós að þau eru ánægð með kennarana sína í leikskólanum og þó þau segist hlakka til að byrja í grunnskólanum þá muni þau sakna kennaranna í leikskólanum. Þau nefndu einnig að það væri ekki ævintýraskóli í grunnskólanum.⁸⁰

Starfsandi

Almennt telja stjórnendur og starfsmenn að góður starfsandi sé í leikskólanum og starfsfólk vinni sameiginlega að því að búa börnunum gott námsumhverfi.⁸¹ Leikskólastjóri leggur áherslu á mikilvægi þess að starfsfólk sé heiðarlegt í samskiptum og segir að gleðin skipti miklu máli, „að hafa gaman saman“. Starfsmenn sögðu leikskólastjóra fylgjast vel með starfinu í leikskólanum og hrósa fyrir það sem vel er gert og sama væri að segja um deildarstjóra.⁸² Í viðtali við deildarstjóra kom fram að áhersla er lögð á að finna styrkleika einstaklinganna. Deildarstjórar taka strax á ágreiningsmálum sem upp koma og leita til leikskólastjóra ef þeir þurfa aðstoð við að leysa þau. Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þeir hefðu áhuga á að fá karlmenn til starfa í leikskólanum til að auka fjölbreytni í starfamannahópnum. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir fá mikið hrós og hvatningu frá deildarstjórum og leikskólastjóra og nýjum hugmyndum er vel tekið og starfsmenn hvattir til að fylgja þeim eftir.⁸³ Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu er varðar allt starf leikskólans. Þar er meðal annars átt við leikskólabörn, foreldra barnanna og samstarfsfólk. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum. Undirskrift vegna trúnaðar og þagnarskyldu er endurnýjuð árlega.⁸⁴

Jafnrétti

Bláskógabyggð hefur sett jafnréttisstefnu sem nær til allra stofnana sveitarfélagsins. Þar kemur fram að í upphafi hvers kjörtímabils skuli stofnanir sveitarfélagsins gera starfsáætlun í jafnréttismálum.⁸⁵ Leikskólinn hefur ekki gert slíka áætlun. Í leikskólanum er mikil áhersla á frumkvæði og nýtingu mannauðs.

76 Gögn frá leikskólastjóra.

77 Skólanámskrá Álfaborgar.

78 Viðtal við leikskólastjóra.

79 Rýnihópur starfsmanna.

80 Rýnihópur barna.

81 Rýnihópur deildarstjóra.

82 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

83 Rýnihópur starfsmanna.

84 Gögn frá leikskólastjóra.

85 Heimasíða Bláskógabyggðar.

Styrkleikar

- Almennt er skólabragur góður í leikskólanum.
- Nýjum hugmyndum er vel tekið og hvatt er til þess að þeim sé fylgt eftir.
- Markmið leikskólans eru skýrt leiðarljós í vinnu með börnum.
- Strax er tekið á ágreiningsmálum sem upp koma.
- Lögð er áhersla á að nýta styrkleika hvers og eins.

Tækifæri til umbóta

- Skoða mætti hvort æskilegt sé að gera skriflega starfsmennastefnu.
- Gera ætti starfsáætlun í jafnréttismálum í samræmi við jafnréttisstefnu Bláskógabyggðar.

Mat á námi og velferð barna

Notast er við TRAS sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, HLJÓM 2 sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum og málþroskaprófið TOLD. Talmeinafræðingur er til ráðgjafar varðandi málörvun einstakra barna.

Í starfsáætlun leikskólans 2013-2014 er sérstök áhersla lögð á innleiðingu á jákvæðum aga. Markmiðin eru meðal annars þau að stuðlað sé að því að öll börn eigi sama rétt, fái að rækta hæfileika á eigin forsendum, að sérhverju barni líði vel og vinátta barna á milli sé styrkt. Leiðirnar eru svo skilgreindar og til að mæla árangur er notast við skráningar í aðstæðum sem svo eru ígrundaðar á starfsmannafundum auk þess sem könnun er lögð fyrir alla starfsmenn. Nú þegar eru skráningar orðnar fastur liður í starfinu í samræmi við hugmyndafræðina og sýnilegar í starfinu. Uppeldisfræðilegar skráningar er, að sögn deildarstjóra, þáttur sem ætlunin er að efla enn frekar.

Foreldraviðtöl eru nýtt til að meta líðan og þroskastöðu hvers barns og er almenn ánægja með þau af hálfu foreldra og stjórnenda. Farið er yfir framfarir barnanna og hvaða þætti má efla.⁸⁶ Óformlegt mat og ígrundun starfsmanna er fastur liður í starfinu, að sögn stjórnenda. Foreldrakönnun er gerð reglulega og þar er leitað eftir mati foreldra á líða barna, umhyggju starfsfólks gagnvart börnum, fæði leikskólans og fleira. Umbætur eru skipulagðar í kjölfar niðurstaðna.⁸⁷

Styrkleikar

- Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta nám og líðan barna.
- Uppeldisfræðilegar skráningar eru að festast í sessi í starfinu.
- Foreldrar koma að mati á líðan og þroskastöðu barna.

Innra mat

Leikskólar eiga lögum samkvæmt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Í slíku mati skal leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna, barna og foreldra, eftir því sem við á, og birta upplýsingar um það opinberlega.⁸⁸ Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber. Annars vegar er um að ræða innra mat sem framkvæmt er af leikskólanum sjálfum og hinsvegar ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.⁸⁹

86 Starfsáætlun 2013-2014, rýnihópar deildarstjóra og foreldra.

87 Rýnihópur deildarstjóra, viðtal við talmeinafræðing.

88 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

89 Aðalnámsskrá leikskóla 2011.

Í leikskólanum Álfaborg er gerð sex ára áætlun um innra mat á starfi leikskólans (2012-2018) sem nær til allra sviða leikskólastarfsins. Áætlunin er endurskoðuð árlega og bætt í eða breytt ef með þarf. Í starfsáætlun fyrir hvert ár kemur fram hvaða þætti á að meta það árið og hvernig. Leikskólastjóri lagði í viðtali áherslu á mikilvægi þess að gera matsáætlun fyrir hvert ár, „Ég vil taka ákveðna þætti út sem maður leggur áherslu á það árið, annars mundi maður bara kafna“. Skipað er matsteymi á hverju ári sem sér um að útfæra vinnuna við matið. Leiðir sem notaðar eru við upplýsingaöflun fyrir matið eru:

- Starfsmannasamtöl.
- Foreldrasamtöl.
- Spurningalistar til starfsfólks og foreldra.
- Mat barna á skólustarfinu (skráningar, broskarlakönnun og spurningakönnun).

Niðurstöður og umbótaáætlun fylgir starfsskýrslu sem skilað er til fræðslunefndar að vori.⁹⁰

Starfsáætlun leikskólans og skóladagatal byggist á innra mati síðasta skólaárs. Deildarstjórar nefndu í viðtali dæmi um hvernig tekið er tillit til athugasemda barnanna um skipulagið, „Börnin vildu ekki leika í ákveðnu horni á deildinni og þá var bara settur skápur þar“. Annað dæmi sem leikskólastjóri og deildarstjórar nefndu var mat barnanna á skóladagatali. Starfsfólk áttaði sig á því að börnin höfðu aldrei komið að því að meta það og því var ákveðið að fá eldri börnin í rýnihópa til að ræða skóladagatalið. Á síðasta ári kom fram í viðtölum við börnin að þau skildu ekki tilganginn með litavikum og gerðu athugasemdir við að þurfa að vera í ákveðnum lit í heila viku, t.d. vildi eitt barnið ekki vera í gulu. Í skóladagatali næsta árs var tekið tillit til athugasemda þeirra og litaviku breytt í litadag.⁹¹ Annað dæmi sem stjórnendur nefndu var ósk barnanna um að hafa kökudag í leikskólanum og verður sú hugmynd skoðuð í tengslum við gerð næsta skóladagatals.

Mat starfsfólks fer fram í gegnum spurningakönnun og starfsmannasamtöl. Rýnihópur starfsmanna nefndi dæmi um hvernig unnið er með niðurstöður úr mati, t.d. þegar taka þurfti á baktali í starfsmannahópnum var gerð áætlun um hvernig ætti að bæta úr því með samstilltu átaki starfsmanna. Niðurstöður mats eru kynntar á starfsmannafundi og í starfsáætlun sem liggur frammi fyrir foreldra.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur gert langa- og skammtímaáætlanir um innra mat.
- Börnin hafa áhrif á skóladagatal og nýtingu leikrýmis í gegnum innra matið.
- Matsteymi er starfandi í leikskólanum.
- Foreldrar koma að innra mati í gegn um kannanir og foreldrasamtöl.
- Matsteymi er starfandi í leikskólanum.
- Umbótaáætlun er unnin í kjölfar innra mats.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Leikskólinn gerir árlega könnun meðal foreldra í leikskólanum. Í foreldrakönnun fyrir skólaárið 2012-2013, þar sem 61% foreldra svöruðu, kemur fram að foreldrar telja að barnið þeirra sé ánægt og líði vel í leikskólanum. Starfsfólk taki vel á móti barninu og sýni því umhyggju. Einnig kemur fram ánægja foreldra með samskipti við leikskólastjóra, deildarstjóra og starfsfólk. Foreldrar telja einnig að viðfangsefni leikskólans séu áhugaverð.⁹² Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum.⁹³ Í rýnihópi með foreldrum kom almennt fram mikil ánægja með faglegt starf í leikskólanum, stjórnun hans og samskipti við allt starfsfólk. Sérstaklega var lögð áhersla á þátt

90 Starfsáætlun Álfaborgar 2013-2014.

91 Rýnihópur deildarstjóra.

92 Gögn frá leikskólastjóra – foreldrakönnun.

93 Gögn frá leikskólastjóra – móttökuáætlun.

leikskólastjórans í að efla foreldrasamstarf, meðal annars með því að fá foreldra til að taka þátt í starfi og verkefnum leikskólans. Þar var nefnt sem dæmi stækkun og lagfæring á útileiksvæði leikskólans. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og eru foreldrar ánægðir með þær upplýsingar sem þeim eru gefnar í þeim. Foreldrar töluðu einnig um að verkefni sem börnunum er boðið upp á séu ögrandi, skapandi starf sé sýnilegt, þeir sjái miklar framfarir hjá börnunum og að börnin virðist fróð um marga hluti. Í rýnihópi foreldra kom fram athugasemd um opnunartíma leikskólans og vistunartíma barna. Æskilegt væri að opna leikskólann fyrr á morgnana og fyrir suma foreldra væri heppilegt að fá vistun tvo heila daga í viku. Einnig kom fram að foreldrar vilja hafa rýmra val um hvenær börnin mæta að morgni í leikskólann.⁹⁴

Í leikskólanum er lögð áhersla á undirbúning fyrir læsi, hvatt til lesturs á heimilum og að sögn foreldra eru mörg börn læs þegar þau ljúka leikskólagöngu. Mikið er gert til að styrkja heilbrigði barna, boðið er upp á hollt fæði og hreyfingu og almennt vel hlúð að velferð þeirra. Fram kom hjá foreldrum að börn sem hafa verið í leikskóla í Álfaborg komi vel út hvað varðar hreyfifærni og þökkuðu þeir það bæði stigum í húsinu og mikilli áherslu á útivist.⁹⁵ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra taka foreldrar þátt í ýmsum viðburðum leikskólans og sem dæmi nefndi hann að foreldrar tóku sig saman og stækkuðu og lagfærðu útileiksvæði leikskólans.⁹⁶ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að lögð sé áhersla á að foreldrar séu alltaf velkomnir inn í leikskólann til að taka þátt í starfinu. Foreldrar nýti það ekki mikið en þó komi þeir stundum og taki þátt í söng- eða sögustund með börnunum. Foreldrum og aðstandendum er boðið upp á að taka þátt í ýmsum skipulögðum verkefnum, s.s. foreldrakaffi, afa- og ömmukaffi, piparkökubakstri fyrir jól, vorferð. Foreldrafélagið sér um vorhátíð sem haldin er 1. maí. Margar leiðir eru farnar til að koma upplýsingum til foreldra, t.d. á heimasíðu, með tölvupósti, í dagbók í fataklefa, á upplýsingatöflu í fataklefa, með dreifibréfum í hólfi barnanna og munnlegum skilaboðum.

Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldraráð hefur verið starfandi við leikskólann frá árinu 2009. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti. Fram kemur á heimasíðu leikskólans að foreldraráð starfar skv. ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.⁹⁷ Starfsreglur fyrir foreldraráð eru á heimasíðu leikskólans. Leikskólastjóri fundar reglulega með foreldraráði sem les yfir og samþykkir starfsáætlun og kemur að öðrum málum er varða leikskólann, s.s. samstarfi við grunnskóla staðarins.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og upplýsingar um starfsemi þess eru á heimasíðu leikskólans. Markmið foreldrafélagsins er að styðja og styrkja uppeldisstarfið sem unnið er í leikskólanum. Foreldrar greiða ákveðna upphæð í sjóð sem notaður er til að auðga leikskólastarfið t.d. með leiksýningum, skemmtiferðum, grillhátíð og öðrum uppákomum.⁹⁸

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Bláskógaskóli er samstarfsskóli Álfaborgar. Árið 2013 var gerð þriggja ára áætlun um samstarf skólanna tveggja og skólarnir sameinuðust um að gera kynningarbækling um samvinnu skólanna og var hann afhentur foreldrum s.l. haust. Í bæklingnum kemur fram hver eru markmiðin með samvinnunni, markmið hvors skólastígs fyrir sig og dagsetningar á skólaheimsóknum. Leikskólabörnin fá nú kynningu á sérgreinakennslu skólans og kynningu á almennu bekkjarstarfi. Deildarstjóri á eldri deild leikskólans fylgir börnunum í grunnskólann. Í undirbúningi er aukin samvinna milli kennara, meðal annars er fyrirhugað að á næsta skólaári taki deildarstjóri leikskólans þátt í kennslu með grunnskólakennara og sameiginlega undirbúi þeir námsefni fyrir fyrsta bekk í grunnskólanum.⁹⁹ Ánægja er meðal foreldra með þessa samvinnu.¹⁰⁰

94 Rýnihópur foreldra.

95 Viðtal við formann foreldraráðs og rýnihópur foreldra.

96 Viðtal við leikskólastjóra.

97 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

98 Heimasíða Álfaborgar.

99 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra, gögn frá leikskólastjóra – bæklingur um samvinnu leik- og grunnskóla.

100 Rýnihópur foreldra.

Annað samstarf

Leikskólinn er ekki í formlegu samstafi við aðrar stofnanir á svæðinu en er í góðu sambandi við heilsugæslu og aðrar stofnanir og fyrirtæki á svæðinu. Sem dæmi um slíkt samband eru heimsóknir barna í stofnanir og fyrirtæki. Einnig styrkja fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar leikskólann með því að gefa margskonar verðlaust efni í efnisveitu leikskólans.¹⁰¹

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru ánægðir með samstarfið við leikskólastjóra og starfsfólk leikskólans.
- Góð upplýsingagjöf er til foreldra.
- Foreldrar eru ánægðir með þau verkefni sem börnunum er boðið upp á í leikskólanum.
- Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem þar eru gefnar.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum.
- Gott samstarf er milli skólastiga.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að skoða með foreldrum hvort þörf sé á að færa fram opnunartíma leikskólans og endurskoða vistunarreglur.

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Bláskógabyggð tekur þátt í rekstri skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls ásamt sex öðrum sveitarfélögum. Skóla- og velferðarþjónusta sér um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla samkvæmt reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga nr. 584/2010.¹⁰² Kennsluráðgjafi hefur umsjón og eftirlit með stuðningi og sérkennslu í leikskólanum, auk sálfræðings sem starfar á skóla- og velferðarþjónustunni. Leikskólastjóri hefur samband við kennsluráðgjafa þegar grunur vaknar um frávík til að meta hvort þörf er á að vísa barninu í greiningu hjá sálfræðingi. Í leikskólanum starfar talmeinafræðingur í 15% starfshlutfalli sem tekur börn í þjálfun og leiðbeinir starfsmönnum varðandi málörvun í leikskólanum. Talmeinafræðingur fundar mánaðarlega með leikskólastjóra og deildarstjórum til að endurskoða einstaklingsnámskrár og ræða mál einstakra barna. Á yngri deild leikskólans er TRAS skráningarlisti (n. tidlig registrering af sprákuþróun) lagður fyrir til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Leikskólinn hefur ekki sett sér sérkennslustefnu en samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra og deildarstjórum er grunnreglan sú að stuðningur og sérkennsla fari fram í almennu starfi leikskólans en alltaf þurfi að horfa á þarfir einstaklinganna og því er stundum kennt í minni hópum eða einstaklingslega. Ekki eru til verkferlar varðandi sérkennslu í leikskólanum þegar grunur vaknar um frávík eða þegar frávík hafa verið staðfest með greiningu. Leikskólastjóri, ásamt deildarstjórum, gerir einstaklingsáætlanir með aðkomu talmeinafræðings þegar um málörvun er að ræða. Í tengslum við gerð einstaklingsáætlana er rætt við foreldra um hvað þeim sýnist þörf á að vinna með og hvað er hægt að gera heima. Haldnir eru teymisfundir með foreldrum sérkennslubarna, deildarstjóra og kennsluráðgjafa með mislöngu millibili eftir eðli fötlunar og þörfum foreldra.¹⁰³ Gögn sem unnið er með í leikskólanum varðandi sérkennslubörn fylgja þeim í grunnskólann. Í viðtali við

101 Viðtal við leikskólastjóra.

102 Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

103 Viðtöl við leikskólastjóra og talmeinafræðing, rýnihópur deildarstjóra.

talmeinafræðingkom fram að góð samvinna er milli leikskólans og fræðslunefndar og jákvætt hversu vel er brugðist við óskum um aukinn stuðning fyrir einstaka börn.¹⁰⁴ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er unnið með verkefni sem kallast *Mandalas* fyrir börn með ADHD greiningu. Þetta eru bækur með myndum af margskonar formum sem börnin eiga að lita inn í. Að sögn leikskólastjóra er börnunum frjálst að velja sér myndir, sem hafa verið ljósritaðar, úr möppu sem þau hafa aðgang að. Einnig er notuð sérstök mandölu tónlist. Ánægja er með þetta verkefni og starfsmenn sjá að börn sem eru æst og pirruð sækja sérstaklega í þetta og það virkar róandi fyrir þau. „Þetta er allt svona rólegt og það svínvirkar að hafa þetta sem frjálsan efnivið“ sögðu leikskólastjóri og deildarstjóri.¹⁰⁵

Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku

Í námskrá leikskólans segir að lögð sé áhersla á að virða ólíka menningu, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir.¹⁰⁶ Í leikskólanum er til bæklingur um móttöku og áherslur í vinnu með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn getur fengið auka fjármagn þegar um er að ræða börn sem ekki tala íslensku og eru að byrja í leikskólanum. Þá er þeim oftast veittur aukinn stuðningur til að hægt sé með góðu móti að lesa fyrir þau einstaklingslega og hafa þau í minni hópum.

Styrkleikar

- Sveitarfélagið er þátttakandi í rekstri skóla- og félagsþjónustu Árneshöfða og góð samvinna er milli leikskólans og sérfræðiþjónustu.
- Talmeinafræðingur starfar í leikskólanum.
- Leikskólinn notar fjölbreyttar aðferðir til að mæta þörfum allra barna.
- Börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku er veittur stuðningur þegar þau byrja í leikskólanum.
- Þjónustuteymi er í kringum öll börn sem njóta sérkennslu.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti stefnu í sérkennslumálum fyrir leikskólann.
- Æskilegt er að gera verkferla varðandi stuðning og sérkennslu, þegar grunur vaknar um frávik og þegar stuðningur hefur verið veittur.

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í skólastarfi leikskólans Álfaborgar: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta og sérkennsla. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat úttektaraðila sett fram á sama hátt.

104 Viðtal við talmeinafræðing.

105 Gögn frá leikskólastjóra.

106 Skólanámskrá Álfaborgar.

Helstu styrkleikar Álfaborgar

- Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum nr. 87/2008.
- Í leikskólanum er unnið út frá ákveðinni hugmyndafræði og starfsmenn hafa sameinast um einkunnarorð fyrir leikskólann.
- Í leikskólanum er unnið samkvæmt áætlun um þróun leikskólastarfsins frá 2008 til 2015.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barna.
- Lögð er áhersla á einstaklingsbundið nám og mikilvægi þess að taka tillit til styrkleika hvers og eins.
- Verið er að innleiða jákvæðan aga (agastefnu) í leikskólanum.
- Leikskólinn hefur gert skólanámskrá sem samræmist aðalnámskrá leikskóla frá 2011.
- Allir starfsmenn tóku þátt í vinnu við gerð skólanámskrár.
- Mat barna og foreldra á skólastarfinu var haft til viðmiðunar í námskráargerðinni.
- Lykilþættir í uppeldissýn leikskólans birtast í skólanámskrá.
- Unnið er samkvæmt þeim þáttum sem fram koma í skólanámskrá.
- Lögð er áhersla á sköpunarferlið í námi barna.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru sýnileg innan leikskólans.
- Virk hlustun er notuð í samskiptum við börn.
- Hugðarefni barnanna eru leiðarljós í þemavinnu.
- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Góð sátt ríkir um stjórnun leikskólastjórans.
- Börnin hafa gott aðgengi að leikskólastjóra.
- Starfsmenn eru hvattir til að fylgja eftir hugmyndum sínum.
- Ákvarðanatataka varðandi fagstarf og rekstur leikskólans er í höndum leikskólastjóra og deildarstjóra með aðkomu annars starfsfólks.
- Samvinna stjórnenda við fræðslunefnd er góð og funda þessir aðilar reglulega.
- Samvinna stjórnenda innan leikskólans er góð og verkaskiptin skýr, þó hún sé ekki skrifleg.
- Gerð hefur verið handbók með móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Leikskólinn gefur út starfsáætlun og skilar árlega starfsskýrslu.
- Lögð er áhersla á að nýta styrkleika hvers og eins.
- Börnum eru gefin tækifæri til að þróa hugmyndir sínar í gegnum leik.
- Húsnæði leikskólans er vel nýtt fyrir leik og starf.
- Jákvæð samskipti eru sýnileg á meðal barna og starfsmanna.

- Unnið er markvisst að því að viðhalda og auka jákvæðni og gleði í leikskólanum.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í öllum þáttum leikskólastarfsins.
- Leikföng og efniviður eru aðgengileg fyrir börnin.
- Börnin eru ánægð og líður vel í leikskólanum.
- Stöðugleiki er í starfsmannahópnum.
- Börnin hafa frjálst val um leiksvæði innan dyra, gott aðgengi að efniviði og frjálst val um leikfélaga.
- Í leikskólanum eru skýrir verkferlar varðandi þróun skólastarfsins.
- Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta nám og líðan barna.
- Foreldrar koma að mati á líðan og þroskastöðu barna. Matsteymi er starfandi í leikskólanum.
- Uppeldisfræðilegar skráningar eru að festast í sessi í starfinu.
- Umbótaáætlun er unnin í kjölfar innra mats.
- Leikskólinn hefur gert langtíma og skammtíma áætlun um innra mat.
- Börnin hafa áhrif á skóladagatal og nýtingu leikrýmis í gegnum innra matið.
- Foreldrar koma að innra mati í gegnum kannanir og foreldrasamtöl.
- Umbótaáætlun er unnin í kjölfar innra mats.
- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru ánægðir með samstarfið við leikskólastjóra og starfsfólk leikskólans.
- Góð upplýsingagjöf er til foreldra.
- Foreldrar eru ánægðir með þau verkefni sem börnunum er boðið upp á í leikskólanum.
- Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem þar eru gefnar.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum.
- Gott samstarf er milli skólastiga.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.
- Sveitarfélagið er þátttakandi í rekstri skóla- og félagsþjónustu Árnespings og góð samvinna er milli leikskólans og sérfræðiþjónustu.
- Talmeinafræðingur starfar í leikskólanum.
- Leikskólinn notar fjölbreyttar aðferðir til að mæta þörfum allra barna.
- Börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku er veittur stuðningur þegar þau byrja í leikskólanum.
- Þjónustuteymi er í kringum öll börn sem njóta sérkennslu.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf við endurbætur á útileiksvæði.
- Meta þarf hljóðvist á eldri deild leikskólans.
- Meta mætti þörf fyrir endurnýjun á efnivið fyrir börnin í leikskólanum.
- Gera mætti ritmál sýnilegra á deild yngri barna.
- Æskilegt væri að auka sjálfbærni með því að taka upp flokkun á úrgangi og pappír.
- Gera ætti skriflegt samkomulag um afleysingu deildarstjóra í fjarveru leikskólastjóra.
- Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans, gera formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn leikskólans og skriflega verkferla um ákvarðanatöku.
- Huga mætti að því að sækja um styrk til þróunarverkefna sem unnið er að í leikskólanum.
- Gera ætti starfsáætlun í jafnréttismálum í samræmi við jafnréttisstefnu Bláskógabyggðar.
- Skoða mætti hvort æskilegt sé að gera skriflega starfsmannastefnu.
- Æskilegt væri að skoða með foreldrum hvort þörf sé á að færa fram opnunartíma leikskólans og endurskoða vistunarreglur.
- Gera ætti stefnu í sérkennslumálum fyrir leikskólann.
- Æskilegt er að gera verkferla varðandi stuðning og sérkennslu, þegar grunur vaknar um frávik og þegar stuðningur hefur verið veittur.

Lokaorð

Leikskólinn Álfaborg hefur skólanámskrá sem samræmist aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Verkferlar og áætlanagerð í kringum fagstarf leikskólans er til fyrirmyndar, þar með talið innra mat á leikskólastarfinu. Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna leiðir í ljós að starfað er samkvæmt þeirri hugmyndafræði og áherslum sem leikskólinn hefur sett sér. Börnin í leikskólanum eru ánægð og þeim líður vel í umhverfi sem býður upp á góð skilyrði til þroska og framfara. Stjórnun leikskólans er skilvirk og lögð er áhersla á góð samskipti starfsmanna við börn, samstarfsmenn og foreldra. Starfið í leikskólanum einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum, starfsmenn, börn og foreldrar hafa áhrif á leikskólastarfið í gegn um mat og áhersla er á að hver og einn fái notið hæfileika sinna, jafnt börn sem starfsmenn. Foreldrar eru ánægðir með stjórnun leikskólans og gott samstarf við foreldra hefur skilað leikskólanum betra útileiksvæði. Í þróun er aukið samstarf milli leik- og grunnskóla. Stjórnendur og starfsmenn leikskólans leggja metnað sinn í að þróa áfram gott leikskólastarf og foreldrar eru mjög ánægðir með starfsaðferðir leikskólans.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Byggingarreglugerð nr. 112/2012. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/112-2012>

Gögn frá leikskólastjóra: Áherslur í starfi 2013-2015.

Gögn frá leikskólastjóra: Innleiðing Reggio Emilia í leikskólastarfið.

Gögn frá leikskólastjóra: Innleiðingaráætlun um jákvæðan aga.

Gögn frá leikskólastjóra: Innleiðingaráætlun Reggio Emilia.

Gögn frá leikskólastjóra: *Jákvæður agi – Handbók*. 2013. 1. útgáfa.

Gögn frá leikskólastjóra: Mandalas – Eventyrlige Isblomster. Slóðin er: <http://www.tinadalboge.dk/giveaways/sa-er-der-vindernavne-pa-bloggen-3-x-3-orig-mandalas-maleboger>

Heimasíða Álfaborgar. Slóðin er: <http://alfaborg.blaskogabyggd.is/>

Heimasíða Álfaborgar – foreldrasamstarf. Slóðin er: <http://alfaborg.blaskogabyggd.is/Foreldrasamstarf/Foreldrarad/>

Heimasíða Álfaborgar – starfsfólk. Slóðin er: http://alfaborg.blaskogabyggd.is/Um_skolann/Starfsfolk/

Heimasíða Bláskógabyggðar. Slóðin er: <http://www.blaskogabyggd.is/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Rýnihópur barna.

Rýnihópur deildarstjóra.

Rýnihópur foreldra.

Rýnihópur starfsmanna.

Skóla- og velferðarþjónusta í Árnesþingi – bæklingur útgefinn í ágúst 2014.

Skólanámskrá Álfaborgar.

Starfslýsingar deildarstjóra í leikskólum. Slóðin er: <http://www.ki.is/kjaramal/kaup-kjor/kjarasamningar/felag-leikskolalakennara#deildarstjori-i-leikskola>

Viðtal við formann fræðsluráðs.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við talmeinafræðing.

Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

